

HAMPIÐJAN 2014

ÁRSSKÝRSLA



HAMPIÐJAN 2014



HLUTHAFAR

Viðskipti eru með blutabréf Hampiðjunnar á samnorræna blutabréfamarkaðnum Nasdaq First North.

STJÓRN

Stjórn Hampiðjunnar kjörin á aðalfundi 28. mars 2014:



*Vilbjálmur
Vilbjálmsson,
formaður*



*Kristján
Loftsson*



*Auður Kristín
Árnadóttir*



*Sigrún
Þorleifsdóttir*



*Guðmundur
Ásgeirsson*

STJÓRNENDUR



*Hjörtur Erlendsson
Forstjóri*



*Jón Oddur
Davíðsson
Forstöðumaður
upplýsinga-
og hagsdeildar*



*Árni Skúlason
Veidarfæri
Framleiðlustjóri*



*Guðmundur
Gunnarsson
Veidarfæraþróun
Þróunarstjóri*



*Haraldur Árnason
Veidarfæri
Sölu- og markaðsstjóri*



*Ingi Þórðarson
Veidarfærafni
Sölu- og markaðsstjóri*



*Guðbjartur
Þórarinnsson
Útgerðarvörur
Sölu- og markaðsstjóri*



*Davíð Waage
Olíuiðnaður
Sölu- og markaðsstjóri*




ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2 0 1 4

EFNISYFIRLIT

5	Starfsemin
11	Ársreikningur 2014:
12	Skýrsla stjórnar og forstjóra
13	Áritun endurskoðenda
15	Rekstrarreikningur
15	Yfirlit um heildarafkomu
16	Efnahagsreikningur
17	Yfirlit yfir breytingar á eigin fé
18	Sjóðstreymi
19	Skýringar



SKIPURIT SAMSTÆÐU HAMPIDJUNNAR





STARFSEMIN

SALA OG AFKOMA

Árið byrjaði rólega hvað sölu varðar en það lagaðist þegar leið á vorið. Sérstaklega átti það við um sölu á efnum til veiðarfæragerðar og fullbún- um veiðarfærum en þar kom tímabilið frá sumri fram að áramótum vel út. Lækkun á olíuverði hafði áhrif á sölur á þeim mörkuðum Hampaðjunnar sem tengjast olíuðnaði en vegna þess að hráefni framleiðslunnar er að miklu leyti unnið úr olíuefnum þá jafnast áhrifin að nokkru leyti út.

Undanfarin ár hefur sala samstæðunnar aukist ár frá ári bæði vegna innri og ytri vaxtar og á árinu bættust við í samstæðuna stórt netaverkstæði í Seattle, Swan Net USA og minna netaverkstæði í Strandby í Danmörku. Þessar viðbætur tryggðu veltuaukn-

ingu samstæðunnar á árinu og munu í framhaldinu hafa jákvæð áhrif á innri vöxt næstu árin. Einnig er verið að byggja upp öflugt netaverkstæði í Klaksvík í Færeyjum ásamt útgerðarfyrirtækinu Varðin.

Rekstrarhagnaður félagsins hefur verið góður á undanförunum árum og einnig hafa fjárfestingar í öðrum félögum, sem er mestmegnis 8,8% eignarhlutur í HB Granda hf., skilað félaginu góðri ávöxtun.

Lán hafa verið greidd niður undanfarin ár samhliða því að fjárfest hefur verið í framleiðslutækjum og vöruþróun. Jafnframt hefur fyrirtækjum fjölgað í samstæðunni. Samstæðan samanstendur af sömu félögum og áður en með þeirri breytingu að Swan Net USA í Seattle bættist í sam-



stæðuna í ársbyrjun 2014 og rekstur Hampaðjunnar USA var að mestu lagður inn í Swan Net USA um mitt árið. Hampaðjunnar USA hefur átt í erfiðleikum mörg undanfarin ár en staða þess breyttist á árinu með



Bás Hampaðjunnar á IceFish 2014 í Smáranum

kaupum á Swan Net og voru því öll dótturfyrirtæki Hampiðjunnar rekin með hagnaði.

Alls voru unnin 522 ársverk hjá samstæðunni og fjölgaði þeim úr 509 frá fyrra ári.

Lykiltölur rekstrarreikningsins eru eftirfarandi:

- Rekstrartekjur voru 54,0 m€ og jukust um 7,1% frá fyrra ári úr 50,4 m€.
- EBITDA af reglulegri starfsemi fyrir utan einskiptiskostnað vegna starfslokasamnings fv. forstjóra var 9,2 m€ en 7,8 m€ árið áður. Að teknu tilliti til starfslokagreiðslunnar sem nam 1,6 m€ þá er EBITDA 7,6 m€.
- Fjármunatekjur ásamt hlutdeild í hagnaði HB Granda að frádregnum



fjármagnsgjöldum voru 2,9 m€ til tekna en voru 2,2 m€ til tekna á fyrra ári.


- Hagnaður eftir skatta var 7,7 m€ en var 7,6 m€ árið áður.

Heildareignir voru 95,1 m€ og hafa hækkað úr 88,7 m€ í árslok 2013. Hækkunin er tilkomin að mestu vegna innkomu Swan Net USA, hækkun á eignarhluta í HB Granda ásamt hagn-


aði ársins. Vaxtaberandi skuldir námu í árslok 22,8 m€ og lækkuðu um 1,3 m€ frá ársbyrjun.

Eigið fé nam 62,6 m€ og hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er meðtalin, var í árslok 66% af heildareignum samstæðunnar og hækkaði úr 63% og hefur því aldrei verið hærra.

Rekstrartekjur samstæðu í m€.



Rekstrarhagnaður EBITDA í m€.



REKSTUR FÉLAGA SAMSTÆÐUNNAR


Móðurfélagið, Hampiðjan hf.
Starfsemi móðurfélagsins skiptist í fjóra meginþætti:

- Að starfrækja netaverkstæði að Skarfagörðum sem framleiðir, selur og þjónustar fullbúin tog- og nótaveiðarfæri ásamt því að selja íhluti í þau. Gloríu flottroll vega þyngst í sölnunni og eru þau í Norður-Atlantshafi notuð til veiða á úthafskarfa, síld, makríl, kolmunna og loðnu en annars staðar helst til veiða á ufsa og kolmunna. Þá eru uppsetning og viðhald botntrolla, fótreiða og grandara hluti af verkefnum netaverkstæðisins.
- Að selja vörur Hampiðjan Baltic í Litháen til fyrirtækja innan samstæðunnar og utan.

Stærsti markaðurinn fyrir vörur verksmiðjunnar er sjávarútvegur, bæði veiðarfæragerðir og útgerðir, en aðrir markaðir eru vaxandi og vegur sala á ofurtógi fyrir olíuðnað þar þyngst ásamt sérhönnuðu ofurtógi á djúpsjávarvindur.

- Að fjárfesta í öðrum atvinnurekstri. Þar vegur þyngst 8,8% eignarhlutur Hampiðjunnar í HB Granda hf.
- Að hafa yfirumsjón með rekstri samstæðunnar. Auk móðurfélagsins voru í lok ársins sex dótturfyrirtæki, sem sinna veiðarfæragerð, eitt er framleiðir net, kaðla og ofurtóg í Litháen, eitt sem hefur með höndum sölustarf í Rússlandi og að síðustu eignarhaldsfélag á Cayman eyjum, sem á einkaleyfi á þantækninni í veiðarfærum.

Fjárliðir og hlutdeildaraflkoma samtals í m€.



STARFSEMIN


Rekstur móðurfélagsins gekk vel á árinu og jukust tekjur félagsins frá fyrra ári. Unnin voru 42 ársverk en þau voru 46 árið áður.



Hampiðjan Baltic í Siauliai í Litháen

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og er í fullri eigu hennar. Það er að uppistöðu til kaðla- og netaverksmiðja sem frá stofnun Hampiðjunnar var til húsa að Stakkholti en var á tíunda áratug síðustu aldar flutt að Bíldshöfða og að hluta til Pombal í Portúgal. Framleiðslan var síðan sameinuð aftur árin 2004 og 2005 og þá með danskri rótgróinni netahnýtingarverksmiðju sem sérhæfði sig í nylonnetum, Utzon, sem var þá


Hagnaður (tap) í m€.



nýflutt frá Fredericia á Jótlandi til Siauliai í Litháen.

Fyrirtækið framleiðir trollnet, flot-trollskaðla, ýmsar gerðir kaðla og ofurtóg mest fyrir sjávarútveg og olíuðnað en einnig til ýmissar annarrar notkunar. Við framleiðsluna sjálfa starfa 240 starfsmenn. Þá rekur félagið netaverkstæði með 30 starfsmönnum, sem forvinna veiðarfæri eftir óskum kaupenda sem oftast eru eigin netaverkstæði samstæðunnar.

Rekstur félagsins var í grunninn svipaður og árið áður og ársverkin voru 287 eða nánast það sama og árið á undan þegar þau voru 291.



Swan Net Gundry í Killybegs á Írlandi

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar, sem á 56% af hlutafé félagsins.



Það starfar á veiðarfæramörkuðum á Írlandi, Skotlandi, Hjaltlandseyjum og á austurströnd Bandaríkjanna. Framsal aflaheimilda er ekki leyft á Írlandi og botnfiskiskipaflotinn er umtalsvert of stór fyrir núverandi aflaheimildir. Aflaheimildir skoskra fiskiskipa er stunda uppsjávarveiðar eru rýmri og afkoma þeirra betri þó skipin séu bara í notkun fáa mánuði á ári. Félagið á tvö dótturfélög í rekstri, Costal Cages sem sinnir fiskeldi og sportnetum á Írlandi en hitt er veiðarfæragerðin Swan Net East Coast Services staðsett í Gloucester rétt norðan Boston á austurströnd Bandaríkjanna.

Rekstur félagsins gekk afar vel á árinu og salan var töluvert meiri en árið áður og skilaði meiri hagnaði. Hjá Swan Net voru unnin 62 ársverk sem er fjölgun um 3 frá fyrra ári.






Cosmos Trawl í Hirtshals á Jótlandi, Danmörku

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og er nú alfarið í eigu hennar. Það sinnir jöfnum höndum flottrollum, nótum, rækju- og botntrollum og fiskeldi, mest fyrir viðskiptamenn í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Einnig hefur félagið náð árangri í sölu veiðarfæra til Vestur-Afríku og til Austur-Rússlands.

Í lok ársins tók Cosmos yfir lítið netaverkstæði í Strandby á austurströnd Jótlands og reksturinn er sameinaður móðurfyrirtækinu frá ársbyrjun 2015. Cosmos er nú með fjórar starfsstöðvar í Danmörku, Hirtshals, Skagen, Thyborøn og Strandby.

Starfsemi Cosmos samstæðunnar dróst saman frá fyrra ári sem






STARFSEMIN

rekja má til samdráttar í sölu dótturfyrirtækisins Nordsøtrawl sem var í harðri samkeppni allt árið. Sala móðurfyrirtækisins minnkaði líttlega frá afskaplega góðu ári þar á undan. Unnin ársverk hjá Cosmos voru 56 talsins og fækkaði um 6 frá árinu áður.

Fjarðanet á Norðfirði

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar, sem á 51% hlutfjár en aðrir helstu hluthafar eru Síldarvinnslan á Neskaupstað og Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði. Fjarðanet hefur starfsstöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði, Akureyri og Ísafirði og sinnir á þeim stöðum uppsetningu og viðhaldi allra gerða veiðarfæra ásamt því að reka þjónustu fyrir björgunarbúnað skipa og sinna þvotti á fiskeldiskvíum. Salan jókst eilítið frá fyrra ári og



hagnaður af starfsemiinni var meiri en árið áður. Hjá félaginu voru unnin 23 ársverk sem er fjölgun um eitt frá fyrra ári.



Hampiðjan USA í Seattle í Bandaríkjunum

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og er eignarhluturinn 100%. Það hefur rekið netaverkstæði í Seattle í Bandaríkjunum og þjónustað fiskveiðiflotann í Dutch Harbor meðan á vertíðum stendur. Meginstarfsemi þess hefur verið sala og viðhald á veiðarfærum útgerða sem veiða ufsa í Beringshafinu.


Á árinu náðust samningar við eigendur Swan Net USA og keypti Hampiðjan USA í Seattle, 65% hlut í fyrirtækinu. Þrjár stofnendur ásamt einum smærri meðeiganda hafa verið

eigendur Swan Net frá stofnun þess 1995 og keypti Hampiðjan hlut tveggja þeirra í nánú samráði við þriðja aðaleigandann sem er jafnframt framkvæmdastjóri Swan Net. Hann mun áfram gegna því starfi og eiga sinn upprunalega hlut sem er 32,5%. Swan Net í Seattle hefur verið eitt stærsta netaverkstæði Bandaríkjanna og þjónar það aðallega uppsjávarflotanum sem gerður er út frá Seattle og Dutch Harbor í Alaska og sem veiðir m.a. alaskaufsa. Starfsstöðvar Swan Net eru tvær, höfuðstöðvar í Seattle og þjónustustöð í Dutch Harbor á Aleutian eyjunum nyrst við Kyrrahafið, en eyjaröðin skilur að Kyrrahaf og Beringshaf.


Með því að sameina rekstur Hampiðjan USA og Swan Net undir nafni Swan Net og breyta Hampiðjan USA í eignarhaldsfélag verður staða fyrirtækisins afar sterk á þessu svæði og verður væntanlega stærsta netaverkstæði Bandaríkjanna.

Starfsmannafjöldi sameinaðs fyrirtækis er 25 en áður voru starfsmenn Hampiðjan USA sjö talsins.

Hlutfall rekstrartekna utan Íslands



Eiginfjárhlutfall





Hampidjan New Zealand í Nelson á Nýja-Sjálendi

Félagið er dótturfélag Hampiðjunnar og er alfarið í eigu þess. Það er söluaðili á vörum Hampiðjunnar í Eyjaálflu og samhliða starfsstöð í Nelson rekur það netaverkstæði í Timaru sem sér um veiðarfæraþjónustu, m.a. fyrir Sanford Seafood, eitt af þremur stóru sjávarútvegsfélögunum á Nýja-Sjálendi.

Þrýðileg söluaukning var hjá félaginu á síðasta ári og hagnaður jókst frá fyrra ári. Unnin ársverk voru 13 talsins.



Hampidjan Canada í Spaniards Bay á Nýfundnalandi

Félagið er 100% dótturfélag Hampiðjunnar. Það er staðsett rétt utan við St. John's á Nýfundnaland. Meginstarfsemi þess er uppsetning og þjónusta við veiðarfæri minni

rækjubáta ásamt sölu á ofurtógi og öðrum vörum Hampiðjunnar.

Salan jókst umtalsvert á árinu miðað við fyrra ár og hagnaður einnig. Unnin ársverk voru 12 talsins og hafði fjölgað um eitt frá fyrra ári.

Hlutdeildarfélagið HB Grandi

Hampiðjan á 8,8% eignarhluta í félaginu. HB Grandi er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi og stundar veiðar og vinnslu á bolfiski og uppsjávarfiski. Hjá fyrirtækinu vinna 920 starfsmenn til sjós og lands.

Hlutabréf HB Granda, sem voru áður skráð á First North, fluttust á aðallistann OMX í lok apríl. Samhliða því var hluti af hlutafjäreign aðaleiganda boðinn til sölu og seldust alls 25,4% af hlutafé fyrirtækisins og voru viðbrögð markaðarins því afar jákvæð. Í byrjun ársins var gengi bréfanna 22,0 og í lok ársins 33,8 sem samsvarar hækkun um tæplega 54%.

Rekstur félagsins gekk vel á síðasta ári og var góður hagnaður af rekstri þess og hélst hlutdeild Hampiðjunnar í afkomu félagsins svipuð og á fyrra ári.

Hlutdeildarfélagið Sílnet

Hampiðjan keypti ásamt útgerðafélaginu Varðin í Syðri Götu í Færeyjum 90% hlut í netaverkstæðinu Sílnet í Klaksvík á Borð-

ey og skiptist hluturinn jafnt í tvo 45% hluti. Samhliða kaupunum þá var hlutafé félagsins aukið umtalsvert til að gera því kleift að kaupa hentuga byggingu og þann tækjabúnað sem þarf á netaverkstæðið til að sinna viðhaldi á flottrollum og nótum.

Sílnet var stofnað fyrir rúmum 12 árum og var netaverkstæðið lengst af starfrækt í Götu en er nú flutt í stóra og myndarlega 1.900 m² og 85 metra langa byggingu við höfnina í Klaksvík þar sem verður hægt að þjónusta og setja upp botntroll, flottroll og nætur.

Hlutdeild í Sílnet er ekki tekin með á árinu 2014 en kemur hins vegar inn frá byrjun 2015.


HLUTHAFAMÁL

Viðskipti með hlutabréf Hampiðjunnar á First North hlutabréfmarkaðnum á árinu 2014 námu 84,4 milljónum króna að nafnvirði en veltan var 1.698 milljónir og var meðalgengi viðskiptanna 20,12 á árinu. Gengi nafnverðs í viðskiptum á árinu hækkaði úr 13,25 í árslok 2013 í 22,60 í árslok 2014.

Að teknu tilliti til útgreidds arðs og verðbólgu á sl. ári var raunávöxtun hlutabréfa Hampiðjunnar á árinu jákvæð um tæplega 74%.

Í ársbyrjun 2014 voru hluthafar félagsins 225 en voru í árslok 253.

Arður sem hlutfall af nafnvirði



ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2014

LAGÐUR FRAM Á AÐALFUNDI 27. MARS 2015

FYRIR STARFSÁRIÐ

1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2014

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga. Dótturfélögin, sem öll eru hlutfélög, eru Hampiðjan New Zealand á Nýja Sjálandi, Hampiðjan USA í Bandaríkjunum, Swan Net Gundry á Írlandi, Cosmos Trawl í Danmörku, Hampiðjan Canada í Kanada, Hampiðjan Baltic í Litháen, Otter Ultra Low Drag á Cayman og Fjarðanet á Íslandi.

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. (félagið) og dótturfélaga þess (samstæðan). Samstæðan stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að gengisáhætta lánsfjár sé á hverjum tíma innan skynsamlegra marka.

Rekstur og fjárhagsleg staða 2014

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 54 milljónir evra en árið áður voru rekstrartekjur 50,4 milljónir evra. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 522, en voru 509 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 16,2 milljónum evra, þar af voru 2,7 milljónir evrur launatengd gjöld. Hagnaður ársins var 7,7 milljónir evrur en árið áður var hagnaður 7,6 milljónir evrur. Heildareignir samstæðunnar voru 95,1 milljónir evrur í árslok og eigið fé var 62,6 milljónir evrur en af þeirri upphæð eru 7,8 milljónir evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaganna Swan Net Gundry á Írlandi, dótturfélags Cosmos Trawl í Danmörku, dótturfélags Hampiðjan USA í Bandaríkjunum og Fjarðaneta á Íslandi. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 65,8% í árslok.

Vegna rekstrarársins 2014 leggur stjórn félagsins til að á árinu 2015 verði greiddur 0,67 kr. arður af hverjum hlut útistandandi hlutfjár til hlutahafa að upphæð kr. 326 milljónir. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

Hlutfé og samþykktir

Útgefið hlutfé félagsins er kr. 500 milljónir í lok ársins, en félagið á eigin hluti að upphæð kr. 13,4 milljónir. Hlutféð er í einum flokki sem er skráð á First North, hliðarmarkað Nasdaq OMX Nordic Exchange. Fjöldi hluthafa í félaginu var 253 í árslok, en var 225 í ársbyrjun. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

Hluthafi	31.12.2014		31.12.2013	
	Nafnverð í þús. kr.	Hludt.%	Nafnverð í þús. kr.	Hludt.%
Vogun hf.....	188.031	38,64%	188.031	38,64%
Fiskveiðahlutfélagið Venus hf.	72.929	14,99%	72.929	14,99%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	20.894	4,29%	21.401	4,40%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	17.956	3,69%	0	0,00%
Ingibjörg Björnsdóttir	17.274	3,55%	17.274	3,55%
Hlér ehf.....	14.850	3,05%	14.850	3,05%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	14.829	3,05%	14.964	3,08%
Sigurgeir B. Guðmannsson	12.750	2,62%	12.750	2,62%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn-Tryggingad	8.450	1,74%	0	0,00%
Súsanna Sigurðardóttir	7.850	1,61%	7.850	1,61%
Langhólmi ehf.	4.333	0,89%	4.918	1,01%
Feier ehf.....	0	0,00%	68.561	14,09%
	<u>380.146</u>	<u>78,12%</u>	<u>423.528</u>	<u>87,04%</u>
Aðrir hluthafar	106.447	21,88%	63.065	12,96%
Útistandandi hlutfé	486.593	100,00%	486.593	100,00%
Eigin hlutir	<u>13.407</u>		<u>13.407</u>	
Útgefið hlutfé	500.000		500.000	

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 28. mars 2014 var stjórn félagsins heimilað að kaupa eigin hluti í félaginu þó þannig að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutfé félagsins á hverjum tíma.

Stjórnunarhættir

Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í starfsreglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins er þrír karlmenn (60%) og tveir kvenmenn (40%).

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík 12. mars 2015

Stjórn:

Vilhjálmur Vilhjálmsson
stjórnarformaður

Kristján Loftsson
meðstjórnandi

Guðmundur Ásgeirsson
meðstjórnandi

Auður Kristín Árnadóttir
meðstjórnandi

Sigrún Þorleifsdóttir
meðstjórnandi

Hjörtur Erlendsson
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til Stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Hampiðjunnar hf. á árinu 2014, efnahag 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 12. mars 2015

PricewaterhouseCoopers ehf

Kristinn Freyr Kristinsson

REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU

	Skýringar	2014	2013
Sala		54.042	50.441
Beinn framleiðslukostnaður		<u>(36.615)</u>	<u>(34.212)</u>
Framlegð		17.427	16.229
Rekstrarkostnaður	7	<u>(10.217)</u>	<u>(10.327)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir aðrar tekjur (-gjöld)		7.210	5.902
Aðrar tekjur (-gjöld)	8	<u>(1.562)</u>	<u>0</u>
Rekstrarhagnaður		5.648	5.902
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9	(258)	(1.021)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélags	14	<u>3.151</u>	<u>3.252</u>
		2.893	2.231
Hagnaður fyrir skatta		8.541	8.133
Tekjuskattur	10	<u>(864)</u>	<u>(493)</u>
Hagnaður ársins		<u>7.677</u>	<u>7.640</u>
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		6.998	7.291
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>679</u>	<u>349</u>
		7.677	7.640
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)	11	1,58	1,57

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

Hagnaður ársins		7.677	7.640
Rekstrarliðir færðir á eigið fé			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga		458	(168)
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		<u>7</u>	<u>(182)</u>
Heildarafkoma ársins		<u>8.142</u>	<u>7.290</u>
Skipting heildarafkomu			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		7.348	6.926
Hluti minnihluta		<u>794</u>	<u>364</u>
Heildarafkoma ársins		<u>8.142</u>	<u>7.290</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU

Eignir	Skýringar	2014	2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	32.911	32.778
Óefnislegar eignir	13	5.164	5.048
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	14	19.314	17.700
Fjárfestingareignir	15	1.106	481
Tekjuskattsinneign	20	74	101
		<u>58.569</u>	<u>56.108</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	16	19.002	16.573
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	17	11.418	10.469
Handbært fé	18	6.155	5.575
		<u>36.575</u>	<u>32.617</u>
Eignir samtals		<u>95.144</u>	<u>88.725</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.474	5.474
Yfirverðsreikningur hlutfjár		57	57
Aðrir varasjóðir	25	155	(196)
Óráðstafað eigið fé		49.112	43.805
		<u>54.798</u>	<u>49.140</u>
Hlutdeild minnihluta		7.808	6.374
Eigið fé samtals		<u>62.606</u>	<u>55.514</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	19	14.505	15.365
Tekjuskattsskuldbinding	20	2.856	2.652
		<u>17.361</u>	<u>18.017</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21	6.863	6.403
Skuldir við lánastofnanir	19	8.314	8.791
		<u>15.177</u>	<u>15.194</u>
Skuldir samtals		32.538	33.211
Eigið fé og skuldir samtals		<u>95.144</u>	<u>88.725</u>

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ SAMSTÆÐU

	Hlutfé	Yfir verðs- reikn	Aðrir vara- sjóðir	Óráðst. eigið fé	Hludt. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2013	5.474	57	169	37.416	5.555	48.671
<i>Heildarafkoma:</i>						
Heildarafkoma ársins 2013 eftir skatta			(365)	7.291	364	7.290
Minnihluti, breyting					455	455
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(365)</u>	<u>7.291</u>	<u>819</u>	<u>7.745</u>
<i>Eigendur:</i>						
Úthlutaður arður til hluthafa				(902)		(902)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(902)</u>	<u>0</u>	<u>(902)</u>
Staða 31. desember 2013 / 1. janúar 2014	5.474	57	(196)	43.805	6.374	55.514
<i>Heildarafkoma:</i>						
Heildarafkoma ársins 2014 eftir skatta			351	6.998	793	8.142
Minnihluti, breyting					641	641
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>351</u>	<u>6.998</u>	<u>1.434</u>	<u>8.783</u>
<i>Eigendur:</i>						
Greiddur arður til hluthafa				(1.691)		(1.691)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(1.691)</u>	<u>0</u>	<u>(1.691)</u>
Staða 31. desember 2014	<u>5.474</u>	<u>57</u>	<u>155</u>	<u>49.112</u>	<u>7.808</u>	<u>62.606</u>

SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐU

	Skýringar	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		5.648	5.902
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		1.983	1.931
Hagnaður fyrir fjárlíði (EBITDA)		<u>7.631</u>	<u>7.833</u>
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(67)	(43)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		1.029	(1.542)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>8.593</u>	<u>6.248</u>
Innborgaðir vextir og arður.....		1.057	1.283
Greiddir vextir.....		(1.013)	(1.133)
Greiddir skattar.....		(595)	(703)
Handbært fé frá rekstri		<u>8.042</u>	<u>5.695</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(1.313)	(1.469)
Kaup óefnislegra eigna		(160)	(133)
Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum		(2.497)	(1.830)
Handbært fé til fjárfestinga		<u>(3.970)</u>	<u>(3.432)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(184)	1.257
Tekin ný langtímalán		0	809
Afborganir langtímalána		(1.694)	(2.587)
Arður greiddur til hluthafa		(1.692)	(902)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		<u>(3.570)</u>	<u>(1.423)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		502	840
Handbært fé í byrjun árs.....	18	5.575	4.735
Handbært fé í byrjun árs frá keyptu dótturfélagi.....		78	
Handbært fé í lok ársins	18	<u><u>6.155</u></u>	<u><u>5.575</u></u>

SKÝRINGAR
REIKNINGSSKILAÆFERÐIR

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla og sala á veiðarfærum, íhlutum þeirra og ofurköðlum. Móðurfélagið, Hampiðjan hf., er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi að Skarfagörðum 4, Reykjavík.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Nasdaq OMX Nordic Exchange.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 12. mars 2015.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tiltekna aðferðir við reikningshaldslegt mat. Nánar er greint frá þeim aðferðum í skýringu nr. 4.

2.1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

a) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem tóku gildi 1. janúar 2014 og hafa áhrif á ársreikninginn*

Það voru engir nýir IFRS staðlar eða túlkanir á stöðlum sem tóku gildi á árinu 2014 og hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Á árinu tóku gildi breytingar á nokkrum stöðlum, sem hafa lítil eða engin áhrif á samstæðuna.

b) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem hafa verið útgefnir en hafa ekki tekið gildi.*

Eftirfarandi nýir staðlar tóku gildi í upphafi reikningsársins:

Staðall/túlkun	Innihald	Gildistökuári
IFRS 9	Fjármálagerningar	1. janúar 2018
IFRS 15	Tekjur af samningum við viðskiptavini	1. janúar 2017

Staðallinn IFRS 9 um fjármálagerninga er orðinn endanlegur, þannig að í hann eru komnir kaflar um niðurfærslu fjáreigna á kostnaðarverði og um áhættuvarnarreikningsskil, til viðbótar við kafla um færslu og flokkun fjáreigna og fjárskulda. Nýjar reglur um niðurfærslu fjáreigna munu hafa áhrif á niðurfærslu viðskiptakrafna hjá samstæðunni, en eftir er að meta nánar hve mikil þau áhrif verða.

Staðallinn IFRS 15 um tekjur af samningum við viðskiptavini er nýr staðall um tekjur. Hann mun hafa áhrif á færslu tekna hjá samstæðunni, en eftir er að meta nánar hvernig og hve mikil þau áhrif verða.

b) *Innleiðing staðla fyrir gildistökuári þeirra.*

Samstæðan innleiddi enga staðla fyrir gildistökuári þeirra á árinu 2014.

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirlát eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirlátum lýkur.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og áætlaður óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

b) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfiráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfspáttaskýrslur

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu en aðrir rekstrarstarfspáttir samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina í fjóra rekstrarþætti.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilgjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendra mynt í lok ársins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félög samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðillinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok ársins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi ársins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

Viðskiptavild og annað yfirverð vegna kaupa á dótturfélögum eru meðhöndlað sem eignir og skuldir þeirra og umreiknað á gengi í lok ársins.

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, netaverkstæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-9 ár
Fasteignir	25-67 ár
Skrifstofubúnaður, áhöld og þróunarkostnaður	3-5 ár
Einkaleyfi	5-20 ár
Hugbúnaður	2-7 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söluþegi. Söluhagnaður og -tap er færð í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekis dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum einkaleyfum er tengjast framleiðsluvörum samstæðunnar. Einkaleyfin er færð á kaupverði eða áætluðu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söliverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.8 Fjárfestingar

Eignarhlutir í öðrum félögum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru flokkaðir sem fjárfestingareignir og færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom samstæðunnar.

2.12 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttekið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði. Allur lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lán eru flokkuð meðal skammtímaskulda ef þau gjaldfalla innan 12 mánaða annars eru þau flokkuð meðal langtímaskulda.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf ákvörðun um greiðslu að liggja fyrir áður en reikningsskilin eru gefin út.

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Sala á vöru er færð á því reikningsskilatímabili sem varan er afhent og sala á þjónustu er færð á því reikningstímabili sem þjónustan er innt af hendi með áfangaaðferð. Þjónustutekjur eru hluti af sölutekjum í rekstrarreikningi.

(b) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerna sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Fjárhæðir vegna kaup- og rekstrarleiga eru óverulegar hjá samstæðunni.

2.20 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið lánsáhættu, lausafjárahættu og markaðsáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Margir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisryrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum eða móðurfélagi ábyrgðir. Þann 31. desember 2014 voru engar umtalsverðar ábyrgðir í gildi.

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillits til veða

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2014 og 2013. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörstigi.

Lánsáhætta tengd efnahagsliðum	Mesta mögulega tap	
	2014	2013
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	11.418	10.469
Handbært fé	6.155	5.575
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	17.573	16.044

b) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur.

Staða 31. desember 2014

	Bókfært verð	Sjóðstreymi skv. samningum	Innan 1 árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
Lántökur	22.819	25.308	8.898	1.295	14.241	874
Viðskiptaskuldir	6.863	6.863	6.863	0	0	0
	<u>29.682</u>	<u>32.171</u>	<u>15.761</u>	<u>1.295</u>	<u>14.241</u>	<u>874</u>

b) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga. Helstu starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru evrur (EUR) og íslenskar krónur (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru ISK.

Lítilsháttar lántaka samstæðunnar í öðrum gjaldmiðlum en evrum myndar gengisáhættu sem ekki er varin.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum. Hækkun á vöxtum á uppgjörstigi um eitt prósentustig hefði lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um 230 þúsund evrur. Árið 2013 hefði lækkunin orðið 240 þúsund evrur. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta samstæðunnar er aðallega fólgin í fjárfestingu í hlutdeildarfélaginu HB Granda hf.

3.1 Áhættustýring eiginfjár

Samstæðan stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu hennar til áframhaldandi reksturs til að greiða eignum sínum arð.

Félagið getur breytt arðgreiðslustefnu, endurgreitt hlutfé, gefið út nýtt hlutfé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnun samstæðunnar og eiginfjárlutfall (fjárhæðir í þúsundum evra):

	2014	2013
Lántökur, langtíma	14.505	15.365
Lántökur, skammtíma	8.314	8.791
Frádragið: Handbært fé	(6.155)	(5.575)
Skuldir nettó	<u>16.664</u>	<u>18.581</u>
Eigið fé	<u>62.606</u>	<u>55.514</u>
Fjármögnun samtals	<u>79.270</u>	<u>74.095</u>
Eiginfjárlutfall	66%	63%

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Farið er yfir slíkt mat með hlöðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

5. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti eftir félögum innan samstæðunnar:

- Starfspáttur 1.** Starfsemi Hampiðjunnar sem er veiðarfæragerð, endursala og fjárfestingar. Starfsemi Hampiðjan Baltic í Litháen, sem er verksmiðjuframleiðsla á netum, köðlum og ofurtógi. Starfsemi Otter sem er eignarhald á einkaleyfum.
- Starfspáttur 2.** Starfsemi veiðarfærafélagsins Swan Net Gundry.
- Starfspáttur 3.** Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl.
- Starfspáttur 4.** Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampiðjan New Zealand, Hampiðjan Canada, Hampiðjan USA og Fjarðanets.

2014	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Milliviðskipti	Samtals
Rekstrartekjur	42.219	11.225	10.266	13.469	(23.137)	54.042
Beinn framl.kostn	(33.489)	(8.149)	(8.076)	(10.038)	23.137	(36.615)
	8.730	3.076	2.190	3.431		17.427
Rekstrarkostnaður	(5.926)	(2.026)	(1.295)	(2.532)		(11.779)
	2.804	1.050	895	899		5.648
	7%	9%	9%	7%		10%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(85)	(81)	(101)	9		(258)
Hlutdeildarafkoma	3.151	0	0	0		3.151
Tekjuskattur	(435)	(109)	(168)	(152)		(864)
Hagnaður ársins	5.435	860	626	756		7.677
Fastafjármunir	51.254	8.108	4.528	1.589	(6.910)	58.569
Veltufjármunir	25.456	7.392	4.190	10.256	(10.719)	36.575
Langtímaskuldir	15.145	625	1.395	196		17.361
Skammtímaskuldir	23.192	1.800	2.820	4.919	(17.554)	15.177
Afskriftir varanl. rek.fjárm.	1.348	273	200	162		1.983
Kaup/s.varanl. rek.fjárm.	(854)	(417)	(21)	(181)		(1.473)
EBITDA	4.152	1.324	1.094	1.061		7.631
2013	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Milliviðskipti	Samtals
Rekstrartekjur	42.972	9.323	11.628	9.531	(23.013)	50.441
Beinn framl.kostn	(34.068)	(6.840)	(8.957)	(7.360)	23.013	(34.212)
	8.904	2.483	2.671	2.171		16.229
Rekstrarkostnaður	(5.106)	(1.879)	(1.572)	(1.770)		(10.327)
	3.798	604	1.099	401		5.902
	9%	6%	9%	4%		12%
Fjármunat. (fjármagnsgj.)	(845)	(42)	(150)	16		(1.021)
Hlutdeildarafkoma	3.252	0	0	0		3.252
Tekjuskattur	(178)	(19)	(196)	(100)		(493)
Hagnaður ársins	6.027	543	753	317		7.640
Fastafjármunir	47.832	7.791	4.686	916	(5.117)	56.108
Veltufjármunir	25.500	6.370	4.435	6.253	(9.941)	32.617
Langtímaskuldir	15.472	708	1.628	209		18.017
Skammtímaskuldir	23.257	1.207	3.617	2.116	(15.003)	15.194
Afskriftir varanl. rek.fjárm.	1.279	227	340	85		1.931
Kaup/s.varanl. rek.fjárm.	(701)	(521)	(226)	(154)		(1.602)
EBITDA	5.078	830	1.440	485		7.833

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Starfsmannamál	2014	2013
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	13.523	12.017
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	2.704	2.366
	<u>16.227</u>	<u>14.383</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu.	522	509
Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.		
Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi	2014	2013
Framleiðslukostnaður	9.764	8.847
Annar rekstrarkostnaður	6.463	5.536
	<u>16.227</u>	<u>14.383</u>
7. Rekstrarkostnaður	2014	2013
Keyptar vörur og þjónusta	3.173	4.074
Laun og launatengd gjöld	6.463	5.536
Afskrifaðar viðskiptakröfur	2	111
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	579	606
	<u>10.217</u>	<u>10.327</u>
8. Aðrar tekjur (-gjöld)	2014	2013
Aðrar tekjur (-gjöld) greinast þannig:		
Uppgjör við forstjóra vegna starfsloka (bónusar, starfslokagr. og tengd gjöld)	(1.562)	0
	<u>(1.562)</u>	<u>0</u>
9. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2014	2013
Vaxtatekjur	269	123
Vaxtagjöld	(1.025)	(1.082)
Gengismunur	380	(175)
Fenginn arður	118	113
	<u>(258)</u>	<u>(1.021)</u>
10. Tekjuskattur	2014	2013
Tekjuskattur til greiðslu	618	248
Frestaður tekjuskattur (Skýring 20)	246	245
	<u>864</u>	<u>493</u>
Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:		
Hagnaður fyrir skatta	8.541	8.133
Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	1.061	937
Varanlegir mismunir	(198)	(442)
Nýting á yfirfæranlegu tapi sem ekki hefur verið tekið tillit til	1	(2)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>864</u>	<u>493</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

11. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vegnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2014	2013
Hagnaður á árinu (þúsundir evra)	7.677	7.640
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	486.593	486.593
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent)	1,58	1,57

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 13,4 milljón, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefni hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á árinu.

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2013			
Kostnaðarverð	26.948	16.662	43.610
Uppsafnaðar afskriftir	(3.247)	(8.114)	(11.361)
Bókfært verð	23.701	8.548	32.249
Hreyfingar árið 2013			
Bókfært verð í byrjun árs 2013	23.701	8.548	32.249
Gengismunir	(70)	74	4
Viðbætur	661	1.440	2.101
Selt og aflagt	0	(82)	(82)
Afskriftir	(334)	(1.160)	(1.494)
Bókfært verð í lok árs 2013	23.958	8.820	32.778
Staða 1. janúar 2014			
Kostnaðarverð	27.571	17.856	45.427
Uppsafnaðar afskriftir	(3.613)	(9.036)	(12.649)
Bókfært verð	23.958	8.820	32.778
Hreyfingar árið 2014			
Bókfært verð í byrjun árs 2014	23.958	8.820	32.778
Gengismunir	29	48	77
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélagi	49	228	277
Viðbætur	222	1.339	1.561
Selt og aflagt	(66)	(115)	(181)
Afskriftir	(345)	(1.256)	(1.601)
Bókfært verð í lok árs 2014	23.847	9.064	32.911
Staða 31. desember 2014			
Kostnaðarverð	27.828	19.155	46.983
Uppsafnaðar afskriftir	(3.980)	(10.092)	(14.072)
Bókfært verð í lok árs 2014	23.848	9.063	32.911

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2014	2013
Framleiðslukostnaður	1.232	1.131
Annar rekstrarkostnaður	369	363
	1.601	1.494

Alþjóðleg fjármálakreppa hefur óvíða valdið jafn miklum erfiðleikum og í þeim þrem löndum þar sem meginhluti samstæðu Hampiðjunnar er staðsettur, þ.e. á Íslandi, Írlandi og í Litháen. Þó svo almenn rekstrarskilyrði fyrir framleiðsluðnað hafi á ýmsan hátt batnað, m.a. vegna lækkunar á raungengi íslensku krónunnar og minni kostnaðarþenslu í viðkomandi löndum, hefur skarpur samdráttur í eftirspurn dregið verulega úr markaðsverðmæti ýmissa eigna samstæðunnar, ekki síst atvinnuhúsnaði. Þá hefur aðgengi samstæðunnar að samkeppnishæfri lánsfjármögnun minnkað.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

13. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hug- búnaður	Samtals
Staða 1. janúar 2013				
Kostnaðarverð	2.397	2.890	1.262	6.549
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(1.499)	(676)	(2.404)
Bókfært verð	<u>2.168</u>	<u>1.391</u>	<u>586</u>	<u>4.145</u>
Hreyfingar árið 2013				
Bókfært verð í byrjun árs 2013	2.168	1.391	586	4.145
Viðbætur	1.119	0	221	1.340
Afskriftir	0	(189)	(248)	(437)
Bókfært verð í lok árs 2013	<u>3.287</u>	<u>1.202</u>	<u>559</u>	<u>5.048</u>
Staða 1. janúar 2014				
Kostnaðarverð	3.516	2.890	1.481	7.887
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(1.688)	(922)	(2.839)
Bókfært verð	<u>3.287</u>	<u>1.202</u>	<u>559</u>	<u>5.048</u>
Hreyfingar árið 2014				
Bókfært verð í byrjun árs 2014	3.287	1.202	559	5.048
Gengismunir	41	1	1	43
Viðbætur	295	0	160	455
Afskriftir	0	(189)	(193)	(382)
Bókfært verð í lok árs 2014	<u>3.623</u>	<u>1.014</u>	<u>527</u>	<u>5.164</u>
Staða 31. desember 2014				
Kostnaðarverð	3.974	2.890	1.426	8.290
Uppsafnaðar afskriftir	(351)	(1.876)	(899)	(3.126)
Bókfært verð í lok árs 2014	<u>3.623</u>	<u>1.014</u>	<u>527</u>	<u>5.164</u>

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2014	2013
Framleiðslukostnaður	171	194
Annar rekstrarkostnaður	211	243
	<u>382</u>	<u>437</u>

Virðisrýmunarpróf vegna viðskiptavildar:

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisrýmun hennar og undirliggjandi fastafjármuna og veltufjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 2 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir 2,5% nafnverðsvexti á fjárfælði í eilífðarvexti. Gerð er 8 - 10% vegin nafnverðskrafa á fjárfælði. Um er að ræða ávöxtunarkröfu sem til samræmis við uppruna fjárstreymisins, er gert miðað við mynd þess fjárstreymis sem um ræðir.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðspróun. Áfvöxtunarstuðlarnir endurspeglar sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýmunartaps á árunum 2014 og 2013.

14. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
HB Grandi hf	8,83%	3.151	19.314
Samandregnar fjárhagsupplýsingar um hlutdeildarfélag í þús. evra:		2014	2013
Eignir samtals		366.684	336.258
Skuldir samtals		147.855	135.714
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins		218.829	200.544
Hagnaður hluthafa móðurfélagsins		35.703	35.616

Hampiðjan, ásamt þremur öðrum félögum, keypti í ágúst 1988 eignarhlut Reykjavíkurborgar í Granda hf., sem var þá 78% af útgefnu hlutafé þess félags. Frá þeim tíma hafa þrjú þessara félaga, Hampiðjan hf., Hvalur hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus ehf. verið kjölfestueigendur félagsins. Hampiðjan hf., Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. og Vogun, dótturfélag Hvals hf., áttu í árslok 2014 samtals 43% af útistandandi hlutafé HB Granda hf. Hampiðjan hefur haft aðkomu að stefnumótun HB Granda og lykilákvörðunum þess. Skv. IAS 28 skilgreinir félagið HB Granda sem hlutdeildarfélag og færir hlutabréfaeign sína í ársreikninginn samkvæmt því. Síðasta skráða viðskiptagengi ársins með hluti í HB Granda hf. var 33,8 og er markaðsvirði eignarhluta Hampiðjunnar, ef miðað er við það gengi, 35 milljónir evra sem er 15,7 milljónum evra hærra en bókfært er í ársreikningnum.

15. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir á kostnaðarverði greinast þannig:	2014	2013
Síldarvinnslan hf	175	175
P/F Von	115	115
Thyboron Skibssmedie A/S	182	182
SP/F Sílnet	484	0
Önnur félög	150	9
	<u>1.106</u>	<u>481</u>

16. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	2014	2013
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	16.044	14.019
Vörur í vinnslu	1.119	896
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	1.839	1.658
	<u>19.002</u>	<u>16.573</u>

Birgðir eru færðar niður vegna aldurs um 874 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar. Árið áður voru birgðir færðar niður um 720 þúsund evrur.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

17. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:	2014	2013
Viðskiptakröfur	10.920	10.317
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(465)	(474)
Viðskiptakröfur nettó í árslok	10.455	9.843
Skuldabréf og aðrar kröfur	963	626
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í árslok	11.418	10.469

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 465 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2014	2013
Niðurfærsla í byrjun árs	474	367
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	(11)	(4)
Breyting niðurfærslu á árinu	2	111
	465	474

18. Handbært fé

	2014	2013
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	6.155	5.575
	6.155	5.575

19. Lántökur

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	15.223
Skuldir í íslenskum krónum	79
	15.302

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:	Hlutfall	Staða
ISK	0,5%	79
EUR	87,0%	13.308
USD	4,4%	666
DKK	8,2%	1.249
	100%	15.302

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins samkvæmt lánasamningum frá lánastofnunum, greinast þannig á næstu ár:

Árið 2015	797
Árið 2016	744
Árið 2017	704
Árið 2018	691
Síðar	12.366
	15.302

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	14.505
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar á meðal skammtímaskulda	797
Bankalán til skammtíma færðar meðal skammtímaskulda	7.517
	8.314

20. Frestaður tekjuskattur

Frestað tekjuskattsskuldbinding nettó greinist þannig á eftirfarandi liði:	2014	2013
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	2.551	2.311
Tekjuskattur á tímabilinu	864	493
Tekjuskattur til greiðslu	(618)	(248)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(15)	(5)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>2.782</u>	<u>2.551</u>

Frestað tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:	2014	2013
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.789	2.675
Aðrir efnahagsliðir	67	(3)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0	(20)
	<u>2.856</u>	<u>2.652</u>

Frestað tekjuskattsinneign greinist þannig á eftirfarandi liði:	2014	2013
Yfirfæranlegt skattalegt tap, nýttist til ársins 2018	(74)	(101)

21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2014	2013
Viðskiptaskuldir	5.460	5.413
Aðrar skammtímaskuldir	1.403	990
	<u>6.863</u>	<u>6.403</u>

22. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

Tengdir aðilar með veruleg áhrif:

Samstæðan átti viðskipti á árinu við hlutdeildarfélagið HB Granda hf. og voru viðskiptin við félagið eins og um ótengdan aðila væri að ræða.

Viðskipti við stjórnendur:

Laun og hlunnindi til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félag í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Fjöldi hluta í árslok*
Fráfarandi forstjóri, greidd föst laun og hlunnindi.....	107	56
Fráfarandi forstjóri, greiðslur tengdar starfslokum.....	1.656	
Núverandi forstjóri, greidd föst laun og hlunnindi.....	174	
Sjö framkvæmdastjórnar: Greidd föst laun og hlunnindi.....	626	
Greiddir árangurstengdir bónusar til stjórnenda.....	678	
Samtals	<u>3.241</u>	
Greidd stjórnarlaun og hlutafjáreign stjórnarmanna Hampiðjunnar hf.....	54	1.642

*Hlutir eru að nafnverði í þúsundum IKR

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

23. Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 23,2 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 33,8 milljónum evra, framleiðsluvéla og -tækja, ásamt hug- og skrifstofubúnaðar 33,3 milljónum evra og vörubirgða 20,6 milljónum evra.

24. Árshelmingayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

	júlí - des. 2014	jan.-jún. 2014	júlí - des. 2013	jan.-jún. 2013	júlí - des. 2012
Rekstrartekjur	27.686	26.356	23.862	26.579	21.271
Rekstrargjöld án afskrifta	(23.266)	(23.145)	(20.620)	(21.988)	(17.716)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	4.420	3.211	3.242	4.591	3.555
Afskriftir	(1.014)	(969)	(963)	(968)	(790)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.406	2.242	2.279	3.623	2.765
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2.338	555	1.198	1.033	1.030
Hagnaður fyrir skatta	5.744	2.797	3.477	4.656	3.795
Tekjuskattur	(682)	(182)	(4)	(489)	(482)
Hagnaður árshelminga	5.062	2.615	3.473	4.167	3.313

Fjárhæðir í árshelmingayfirliti eru óendurskoðaðar

25. Aðrir varasjóðir

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Samtals
Staða 1. janúar 2013	1.384	(1.215)	169
Þýðingarmunur ársins		(365)	(365)
Staða 31. desember 2013	1.384	(1.580)	(196)
Staða 1. janúar 2014	1.384	(1.580)	(196)
Þýðingarmunur ársins		351	351
Staða 31. desember 2014	1.384	(1.229)	155

Lögbundinn varasjóður

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutafé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila félaga innan samstæðunar sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri móðurfélagsins.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

26. Yfirlit yfir dótturfélög

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu móðurf.	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB	Litháen	Veiðaf. framl.	100%	100%	-
Hampidjan New Zealand LTD	Nýja Sjálandi	Veiðafærag.	100%	100%	-
Hampidjan Canada LTD	Kanada	Veiðafærag.	100%	100%	-
Hampidjan USA Inc	Bandaríkin	Veiðafærag.	100%	65%	35%
OTTER Ultra Low Drag LTD	Cayman Is	Eignarh.f.	100%	100%	-
Cosmos Trawl A/S	Danmörku	Veiðafærag.	100%	80%	20%
Swan Net Gundry LTD	Írlandi	Veiðafærag.	56%	56%	44%
Fjarðanet hf.	Íslandi	Veiðafærag.	51%	51%	49%

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok ársins er 7,8 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry ltd. 5,7 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Hampidjan USA, Cosmos Trawl A/S og Fjarðanetum hf.

Swan Net Gundry ltd á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 5 um starfsþætti, starfsþáttur 2.

Í maí mánuði á árinu 2014 keypti Hampidjan USA í Seattle, sem er dótturfélag í 100% eigu Hampiðjunnar, 65% hlut í netaverkstæðinu Swan Net L.L.C í Seattle USA í þeim tilgangi að styrkja starfsemi samstæðunnar á vesturströnd Bandaríkjaanna.

Eftirfarandi tafla sýnir kaupverð Hampidjan USA á rekstri Swan Net USA og gangvirði þeirra eigna og skulda sem voru keyptar.

Swan net L.L.C í Seattle USA:

65% eignarhlutur, Hampidjan USA, greitt með peningum 1.651

Ráðstöfun:

Varanlegir rekstrarfjármunir	277
Viðskiptakröfur	926
Aðrir veltufjármunir	1.472
Viðskiptavild, mismunur á kaupverði og gangvirði eigna og skulda	295
Skammtímaskuldir	(588)
35% eignarhlutur minnihluta	(731)
	<u>1.651</u>

Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 31.12.2013. Viðskiptavild var samningsbundin greiðsla fyrir rekstur fyrirtækisins og tók mið af umfangi og verðmæti hans. Meðeigandi Hampidjan USA er framkvæmdastjóri Swan Net USA og einn af stofnendum.

Í samstæðureikninginn koma á árinu tekjur frá Swan Net USA að fjárhæð 5.190 þús. evrur og hagnaður að fjárhæð 679 þús. evrur.

HLUTVERK HAMPIÐJUNNAR HF.

- *Að vera leiðandi í sölu og þjónustu á afburða veiðarfærum á mörkuðum sem óska eftir gæðum og hafa efni á þeim.*
- *Að þróa og selja kaðla úr ofurefnum á mörkuðum sem gefa af sér virðisauka vegna vörubrúnar, efnisvals, einkaleyfa eða aðgengis.*
- *Að fjárfesta, með langtíma samstarfsaðilum, í annarri atvinnustarfsemi.*

